



LÍKNANDI HENDUR Á AKRANESI

Christer Magnusson



Á safnasvæðinu á Akranesi er stórskemmtileg og áhugaverð sýning sem heitir Saga líknandi handa. Hún var sett upp í tilefni 100 ára kosningarafmæli kvenna og var opnuð í Guðnýjarstofu 11. júní og stendur fram til áramóta. Hér er fjölbreytt og merkileg saga heilbrigðisþjónustu á Skaganum rifjuð upp og nokkrum stórbrotnum konum gerð skil.

SÝNINGIN ER skemmtilega upp sett og mörg dæmi tekin um þátt kvenna í að byggja upp heilbrigðisþjónustuna á Skaganum. Eins og sagt er í fréttatilkynningu vilja aðstandendur sýningarinnar heiðra „allar þær konur sem hafa með fórnfýsi og umhyggju líknað, huggað og grætt mein.“ Ingibjörg Pálmadóttir, hjúkrunarfræðingur og fyrrverandi heilbrigðisráðherra, átti hugmyndina að sýningunni og sá um



JÓNA B. GUÐMUNSDÓTTIR, bæjar- og skólahjúkrunarkona, fylgist með börnum fá ljósameðferð í Barnaskóla Akraness sem nú heitir Brekkubæjarskóli.

framkvæmd hennar að miklu leyti. Með henni í vinnuhópi voru Anna Leif Elíðóttir, verkefnisstjóri safnasvæðisins, og Guðjón Brjánsson, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Margar konur á Akranesi og víðar lögðu hönd á plóg. Bergdís Kristjánsdóttir aðstoðaði við að finna til sýningarmuni en margt af því sem hún safnaði saman og skráði fyrir nokkrum árum er nú í vörslu Þjóðminjasafnsins. Einnig fengust munir frá Stykkishólmi og Hvammstanga. Ljósmyndasafnið og héraðsskjalasafnið á Akranesi lögðu einnig til gögn. Það kom síðan í hlut hjúkrunarfræðinga að klæða gínurnar í hina ólíku búninga sem hjúkrunarfræðingar hafa klæðst í gegnum tíðina.

Saga Sjúkrahúss Akraness rakin frá 1915

Á sýningunni er saga Sjúkrahúss Akraness rekin, eða allt frá árinu 1915 þegar umræður hófust að reisa þar sjúkraskýli. Árið 1926 beitti kvenfélagið sér fyrir því að byggt yrði sjúkrahús en það varð ekki að veruleika fyrr en 1952. Lengst af þurftu menn að berjast við sjúkdóma innan veggja heimila sinna. Á sýningunni er líkan af herbergi á bænum Bjargi á Akranesi en þar sinnti Krístrún, húsmóður á bænum, sjúklingum með undraverðum árangri á árunum eftir 1886. Það gerði hún þrátt fyrir þröngan húsakost og erfiðar aðstæður.

Fyrsta menntaða hjúkrunarkonan á Akranesi var Lovísa Friðrika Lúðvíksdóttir. Hún var fædd 1904 á Djúpavogi, tók hjúkrunarpróf í Noregi 1928 og var bæjarhjúkrunarkona á árunum 1933-1946. Á ljósmynd á sýningunni má sjá hana taka á móti nokkrum hundruðum hjúkrunarkonum frá Norðurlöndum á bryggjunni á Akranesi 1939.

Á sýningunni má sjá Sigríði Eiríksdóttur standa við reiðhjól sem lengi var geymt í Sigríðarstofu hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Sigríður notaði hjólið reyndar aldrei en það kemur úr dánarbúi annarrar hjúkrunarkonu sem einnig starfaði hjá Líkn.

Í einu horni sýningarinnar má sjá skápa og hillur úr apóteki Friðu Proppé en hún rak apótek við Suðurgötu á árunum 1935 til 1973. Áhugavert er að sjá hvaða vörur voru til afgreiðslu þar.

Mikilvægar munnlegar heimildir

Þá eru sýnd á sjónvarpsskjá viðtöl við nokkra heilbrigðisstarfsmenn sem hafa starfað á Akranesi. Ein þeirra sem talað var við er Sigurlín Gunnarsdóttir en hún var önnur tveggja hjúkrunarkvenna sem hófu



STÓR HÓPUR frá öldungadeild FÍH gerði sér ferð til Akraness til þess að heimsækja safnasvæðið og sjá sýninguna.

störf þegar Sjúkrahús Akraness tók til starfa árið 1952. Einungis var hægt að gera nokkrum starfsmönnum skil á sýningunni en fleiri viðtöl hafa verið tekin og er ráðgert að taka enn fleiri. Hér er um mikilvægar heimildir að ræða en viðtölin tóku Ingibjörg Pálmadóttir og Guðjón Brjánsson.

Margir hjúkrunarfræðingar hafa þegar lagt leið sína til Akraness til að skoða safnið. Meðal annars fór hópur af kennurum við hjúkrunarfræðideild HÍ á sýninguna og stuttu síðar fjölmenntu hjúkrunarfræðingar í öldungadeild FÍH á safnið, eða alls 90 konur, og fengu þær góðar móttökur hjá Ingibjörgu Pálmadóttur. Enn er möguleiki að skoða sýninguna en henni hefur verið framlengt til áramóta.